

Náttúrustofa Suðurlands
Ægisdaga 2
900 Vestmannaeyjar

Reykjavík, 23. maí 2023
UST202304-098/P.V.B.
09.04.00

Efni: Leyfi fyrir drónaflugi í rannsóknarskyni

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Erpur Snær Hansen, dagsett 14. apríl 2023, um leyfi til drónaflugs í rannsóknarskyni innan Akurey, Brúarfoss, Drumbabót, Dynkur, Dyrhólaey, Emstrur, Fjaðrárgljúfur, Fjallabak, Ingólfshöfði, Lundey á Kollafirði Papey og nágrennaeyjar, Reynisfjara, Skælinga, Sólheimajökull, Sveinstind, Þakgil, Þórsmörk, Urriðafoss, Veiðivötn og Vestmannaeyjar.

Akurey er friðlýst sem friðland sbr. [auglýsing nr. 470/2019](#). Óheimilt er að fara í land í Akurey nema með leyfi Umhverfisstofnunar og Reykjavíkurborgar. Rannsóknir, aðrar en rannsóknir Náttúrufræðistofnunar Íslands, eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar og Reykjavíkurborgar. Óheimilt er að spilla gróðri og trufla dýralíf innan friðlandsins hvort heldur er á landi, í fjöru, í sjó eða á hafsbotni. Flug ómannaðra loftfara er óheimilt í friðlandinu nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar.

Dyrhólaey er friðlýst sem náttúruvætti sbr. [auglýsing nr. 101/1978](#). Óheimilt er að trufla dýralíf á svæðinu. Mannvirkjagerð og jarðrask er óheimil nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Samkvæmt 4. kafla í [stjórnunar- og verndaráætlun](#) náttúruvættisins er flug fjarstýrðra loftfara óheimilt innan náttúruvættisins nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar.

Friðlandið að Fjallabaki er friðlýst sem sbr. [auglýsing nr. 354/1979](#). Óheimilt er að fljúga fjarstýrðum loftförum (dróna) innan friðlandsins á tímabilinu 15. júní – 15. september nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar skv. stjórnunar- og verndaráætlun svæðisins.

Ingólfshöfði er friðlýstur sem friðland sbr. [auglýsing nr. 388/1978](#). Ekki má skerða gróður, skaða eða trufla dýralíf né gera jarðrask. Samkvæmt [stjórnunar og verndaráætlun](#) friðlandsins er flug ómannaðra loftfara óheimilt á svæðinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Lundey er friðlýst sem friðland sbr. [auglýsing nr. 740/2021](#). Öll landtaka frá sjó er óheimil innan friðlandsins á varptíma fugla frá 20. maí til 20. ágúst, nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Flug ómannaðra loftfara er óheimilt í friðlandinu á varptíma, frá 20. maí til 20. ágúst, nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Aðrar náttúrufarsrannsóknir en rannsóknir Náttúrufræðistofnunar eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar.

Skrúður er friðlýst sem friðland sbr. [auglýsing nr. 513/1995](#). Óheimilt er að fara í eyna án leyfis ábúanda. Jarðrask er óheimilt í eygni og óheimilt er að breyta ásýnd landsins. Nýting hlunninda í og við eyna svo og fiskveiðar umhverfis hana eru heimil svo sem verið hefur. Veiðar og eggjataka er óheimil en ábúanda er heimil hlunnindanýting svo sem verið hefur. Óheimilt er að þeyta flautur, fljúga

flugvélum eða vera með annan hávaða að óþörfu í grennd við Skrúð. Enn fremur er óheimilt að hleypa af skoti á sjó nær eygni en 500 m.

Skælingar og Sveinstindur eru ekki í umsjón Umhverfisstofnunar, **umsækjandi þarf að sækja um leyfi hjá Vatnajökulsþjóðgarði, Þingvallabjóðgarði og/eða sveitarfélagi.**

Brúarfoss, Drumbabót, Dynkur, Emstrur, Fjaðrárgljúfur, Papey og nágrennaeyjar, Reynisfjara, Sólheimajökull, Þakgil, Þórsmörk, Urriðafoss, Veiðivötn og Vestmannaeyjar eru ekki friðlýst, umsækjandi gæti þurft leyfi frá landeiganda/sveitarfélagi.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til drónaflugs í rannsóknarskyni á Akurey, Dyrhólaey og dranga útifyrir henni, Fjallabaki (Grænahrygg, Hrafninnusker, Landmannalaugar og Rauðifoss -augað), Ingólfshöfða og Lundey. Um er að ræða tvíþætt verkefni, vöktun á Íslenskri náttúru og skrásetningu lundabyggða. Athuganir færu fram á árunum 2023-2025 og kæmu 4 starfsmenn að verkefninu. Ekki verða öll svæði heimsótt á hverju ári heldur er verkefninu skipt niður.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúru og verndargildi svæðana til lengri tíma lítið. Stofnunin metur að drónaflugið geti haft neikvæð áhrif á fuglalíf á meðan það fer fram en sé farið eftir skilyrðum leyfis, flugtími takmarkaður og þess gætt að ekki sé flogið nær fuglabyggðum en nauðsynlegt er þegar varptími er í hámarki sé hægt að draga úr neikvæðum áhrifum flugsins.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Náttúrustofu Suðurlands fyrir sitt leyti leyfi fyrir drónaflugi í rannsóknarskyni innan Akurey, Dyrhólaey, Fjallabak, Ingólfshöfða Lundey á Kollafirði og Skrúð sbr. lýsingu hér að ofan og gildir leyfið ár frá dagsetningu þessa bréfs til 31 desember 2025 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vegi skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Rannsóknaraðilar og farartæki skulu vera merktir sínum stofnunum og/eða klæðast merktum sýnileikafatnaði.
- Stjórnandi drónans skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að flugið valdi eins litlu ónæði og hægt er.

- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum s.s. fuglum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki og það skal fara fram utan þess tíma sem flestir gestir eru á svæðinu.
- Sé tilgangur drónaflugsins á svæðum sem vernduð eru vegna lífríkis ekki vegna rannsókna á fuglalífi skal það fara fram utan varptíma.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ef loftfarið brotlendir eða bilar skal ábyrgðarmaður þess sjá til þess að allir hlutar þess verði fjarlægðir Af öryggisástæðum er óheimilt að fljúga ómönnuðu loftfari undir 50 m yfir Strokk.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 990/2017

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Umhverfisstofnun bendir á að dróna sem notaðir eru í atvinnuskyni þarf að skrá sérstaklega hjá Samgöngustofu.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Umhverfisstofnun óskar eftir því að fá afrit af niðurstöðum ofangreindrar rannsóknar án endurgjalds.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Ragnheiður Björk Sigurðardóttir
svæðissérfræðingur

Pórdís Vilhelmina Bragadóttir
sérfræðingur